




Minnisblað – Skarðsvegur, frestun framkvæmda

Málsnúmer:	2006019	Dags:	26. júní 2020	Fjöldi bls.	2
Viðtakandi:	Bæjarráð Fjallabyggðar				
Dreifing:	Bæjarráð, bæjarstjórn og aðrir er málið varðar				
Samið af:	Elíasi Péturssyni				

Vegna beiðni Leyningsáss ses. um frestun framkvæmda við Skarðsveg.

Þann 10. júní sl. barst sveitarfélaginu afrit bréfs sem stjórnarformaður Leyningsáss ses. ritaði svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Akureyri. Í framhaldi barst sveitarfélaginu erindi Vegagerðarinnar hvar óskað var eftir afstöðu sveitarfélagsins til þeirrar óskar Leyningsáss að hlé verði gert á framkvæmdum í Skarðsdal, meðan „málið verði skoðað í heild af hagsmuna- og fagaðilum“ eins og orðrétt kemur fram í erindi Leyningsáss. Fram kemur í erindi Vegagerðarinnar að Vegagerðin sé bundin af verksamningi við verktaka sem tók verkefnið að sér árið 2017 og að hann hafi hafið undirbúning framkvæmda eftir vetrarhlé. Undirrituðum var af bæjarráði falið að setja saman umsögn og tillögu að svari til Vegagerðar.

Þann 18. Júní sl. sat undirritaður fund stjórnar Leyningsáss ses. þar sem frestun framkvæmda var rædd ásamt öðrum málum. Ljóst er að sá hæðarmunur sem er á hönnuðu plani og þeim stað sem hugsaður er fyrir skíðaskála er mikill eða u.þ.b. 15 metrar. Í upphaflegu deiliskipulagi var planið hugsað í sömu hæð og skáli en í hönnunarferlinu var planið sett neðar og aðkomu að því breytt. Deiliskipulagi var í lok ágúst 2017 breytt til samræmis við hönnun vegarins, sjá mynd hér að neðan.



Mynd 1 fengin úr deiliskipulagsupprætti sem nálgast má [hér](#).

Eins og sjá má á myndinni þá er um töluverða breytingu á legu vegarins að ræða næst bílaplani og planið komið fjær fyrirhuguðu skálastæði og neðar í hlíðina, einnig hefur verið teiknaður þjónustuvegur upp að skálanum með litlu plani. Færsla á veginum hefur það einnig í för með sér að lyftan hefur verið styttn og er komin upp undir fyrirhugað skálastæði.

Staða framkvæmda.

Þann 6. júlí 2017 sótti Vegagerðin um framkvæmdaleyfi byggt á fullnaðarhönnun og þá fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu. Tilboð í verkið voru opnuð 1 ágúst 2017 og nam tilboðsfjárhæð lægstbjóðanda 126 mkr., áætlaður heildarkostnaður vegna verksins er nú áætlaður nálægt 250 mkr. s.k.v. upplýsingum fengnum hjá deildarstjóra umsjónardeildar Vegagerðarinnar á Norðursvæði. Þegar þetta er skrifað þá hefur verið framkvæmt fyrir um 100 mkr. og fyrir liggur að verkefnið er að fullu fjármagnað.

Umtalsverðar framkvæmdir eru fram undan á skíðasvæðinu áður en og þegar vegurinn verður kláraður. Flytja þarf skíðaskála, taka niður neðstu staura T-lyftu, flytja neðstu lyftuna og leggja þjónustuveg sem og leysa flutning á fólki af bílastæði upp að skála. Ekki er að mati undirritaðs óvarlegt að áætla kostnað við ofangreint á bilinu 60 til 100 mkr. Umræddur kostnaður fellur á Leyningsás og er ófjármagnaður. Einnig má ráða af gögnum máls að umtalsverður rekstrarkostnaður muni fylgja nýjum stað, þar kemur helst til kostnaður vegna snjómoksturs og launakostnaður þegar ekki verður mögulegt að halda svæðinu opnu vegna veðurs.

Ljóst er að Leyningsás ses. ber skv. fimm liða samkomulagi og stofnsamþykktum ábyrgð á uppbyggingu skíðasvæðisins en jafn ljóst má vera að kostnaður vegna flutnings svæðisins er til komin vegna stjórnvaldsáskvarðana sem teknar voru að fengnu álitum Veðurstofu og í samræmi við lög. Því er það eðlileg nálgun stjórnar stofnunarinnar að kostnaður vegna flutnings skuli greiðast af Ofanflóðasjóði eða ríkissjóði. Einnig er ljóst að stjórn Leyningsáss er þeirrar skoðunar að núverandi hönnun gangi ekki upp, þ.e. að bílaplan geti ekki verið jafn miklu lægra en skíðaskálinn og hönnun nú gerir ráð fyrir. Vegna fram kominna athugasemda stjórnar þarf að horfa þarf til þess hvort mögulegt sé að útfæra hönnun efsta hlutar vegar og plans þannig að hagfelldari afstaða náist milli plans, skíðaskála og safnsvæðis við lyftu.

Vert er að geta þess að nauðsynlegt er að fyrir liggja vel grunduð og uppfærð kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda sem ráðast þarf í vegna flutnings skíðasvæðisins, sú áætlun er forsenda samtals við Ofanflóðasjóð og ríki.

Það er að mati undirritaðs mjög mikilvægt að viðunandi lausnir á þeim viðfangsefnum sem hér að ofan eru nefnd finnast hið allra fyrsta. Skíðasvæðið í Skarðsdal er Fjallabyggð ákaflega mikilvægt, bæði samfélagslega og vegna ferðapjónustu.

virðingarfyllt



bæjarstjóri